

1. grein.

Öll ungmenni með lögheimili í Garðinum sem eru orðin 13 ára eða í 8. bekk grunnskólans og ekki eldri en 21 árs í upphafi kjörtímabils, eru kjörgeng í ungmennaráð. Ráðið skal skipað fimm aðalfulltrúum og jafnmörgum varafulltrúum.

2. grein

Ungmennaráð Garðs skal skipað eftirfarandi fulltrúum.

- Einum úr nemendaráði Gerðaskóla og einn til vara. Kosnir af nemendaráði skólans Sitja í eitt ár.
- Einum nemanda úr framhaldsskóla og einum til vara. Skipaðir af æskulýðsnefnd. Sitja í eitt ár.
- Tveimur fulltrúum frá starfandi samtökum sem halda úti æskulýðsstarfi í Garðinum. S.s. Víðir, Ægir og önnur þau samtök sem halda úti virku starfi fyrir umræddan aldur. Sitja í tvö ár.
- Einum fulltrúa ungmenna sem ekki er í skóla. Skipaður af æskulýðsnefnd í samráði við bæjarstjórn og fjölskyldu og félagsþjónustu Sandgerði, Garðs og Voga. Situr í eitt ár.

Tilnefning fulltrúa í ungmennaráð Garðs skal fara fram á tímabilinu 15. mars til 15. apríl ár hvert.

Kjörtímabil ráðsins er frá 15. ágúst – 15. júlí ár hvert. Velja má sömu aðila til setu áfram í ungmennaráði eftir að kjörtímabili þeirra lýkur. Enginn skal þó sitja lengur er fjögur ár í ráðinu.

3. grein.

Tilgangur og markmið með ungmennaráði er að ráðið sé æskulýðsnefnd og bæjarstjórn til ráðgjafar um málefni sem varða ungt fólk í bæjarfélaginu, um starfsemi stofnana sem ungt fólk sækir, í forvarnarmálum barna og ungmenna, fjölbreytni íþrótta- og listastarfs í bæjarfélaginu og öðru því sem að ungu fólki lýtur.

Einnig að þjálfa ungmenni yngri en 18 ára í lýðsræðislegum vinnubrögðum og skapa þeim vettvang til að koma sínum hugmyndum, skoðunum og áherslum á framfæri í stjórnsýslukerfi Garðs, með von um að þannig hafi þau áhrif á nærumhverfi sitt og aðstæður ungmenna í bæjarfélaginu.

Þá getur Ungmennaráð Garðs gert tillögu að þátttöku unglunga í viðburðum á vegum sveitarfélagsins.

4. grein.

Bæjaryfirvöld leggja ráðinu til fundaraðstöðu þrisvar á ári ásamt þeim gögnum sem nauðsynleg eru í starfsemi ráðsins.

5. grein.

Fulltrúum í ungmennaráði er skylt að sækja alla fundi nema lögmat forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé fulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna forföllin til starfsmanns ráðsins og jafnframt skal hann boða varamann sinn á fund.

Fulltrúar ráðsins verða að gæta þess í störfum sínum að leita eftir mismunandi sjónarmiðum ungs fólks þannig að skoðanir og ályktanir þess endurspegli sem best almennan vilja ungmenna í Garðinum.

Fulltrúi í ungmennaráði skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að fulltrúi lætur af þeim störfum. Þetta ákvæði á einnig við um starfsmann ráðsins.

6. grein.

Íþrótta- og æskulýðsfulltrúi er tengiliður ráðsins við bæjaryfirvöld og jafnframt starfsmaður ráðsins og ráðinu til ráðgjafar og aðstoðar ef þurfa þykir. Æskulýðsfulltrúi og bæjarstjóri mega sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt en hafa ekki atkvæðisrétt. Æskulýðsfulltrúi boðar til fyrsta fundar ráðsins á nýju kjörtímabili. Ungmennaráð skal eins og kostur er hafa frumkvæði að umfjöllun mála.

7. grein.

Ráðið skal kjósa formann ráðsins.

Á hverjum fundi ungmennaráðs er kosinn fundarstjóri og ritari. Fundarstjóri stjórnar fundinum og sér um, ásamt starfsmanni ráðsins, að allt fari þar skipulega fram. Gert er ráð fyrir að skipst verði á með fundarstjórn og ritun funda meðal fundarmanna og að hver fundarmaður sjái um fundarstjórn og eða ritun á einum fundi yfir starfsárið. Í lok hvers fundar skal ákveðið hver verði fundarstjóri og ritari næsta fundar á eftir og það sett í fundargerð.

Starfsmaður ungmennaráðs skal færa í gerðabók númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Viðstaddir fundarmenn skulu rita nöfn sín í gerðabók í fundarlok.

Í tölvuskráða fundargerð skal færa:

1. fundartíma og fundarstað,
2. nöfn aðalmanna (varamanna) og starfsmanna sem sækja fundinn,
3. heiti og númer fundarefna sem tekin eru fyrir,
4. stutta lýsingu á hverju erindi,
5. bókanir ráðsins eða einstakra fundarmanna um fundarefni þar sem það á við.

Í lok fundarins skal fundarstjóri í samstarfi við starfsmann sjá um að tölvuskráð fundargerð sé prentuð og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal fundarstjóri og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerðar sem tölusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Fundargerð skal send Bæjarráði Garðs sem og æskulýðsnefnd.

8. grein.

Fyrsti fundur ráðsins er í september og skal boðaður af æskulýðsfulltrúa. Varamenn skulu einnig boðaðir á þennan fyrsta fund.

Fundur með bæjarstjóra í október ár hvert.

Fundur með æskulýðsnefnd í janúar ár hvert.

Annar fundur ráðsins í febrúar.

Opinn fundur með bæjarstjórn í mars ár hvert.

Þriðji fundur ráðsins í maí.

Fyrir fund ungmennaráðs með bæjarstjórn skulu tillögur, ályktanir og/eða bókanir sem ráðið hyggst beina til bæjarstjórnar sendar bæjarritara eigi síðar en viku fyrir fundinn. Fundirnir skulu vera opnir almenningi og hvetja skal ungmenni í Garðinum til að mæta sem áheyrendur á þann fund og kynna sér starf stjórnarsýslunar í æskulýðsmálum

Heimilt er að kalla saman fund óski fulltrúar í ungmennaráði sérstaklega eftir því.

9. grein.

Um fundarsköp á fundum ungmennaráðs gilda samþykkt fundarsköp bæjarstjórnar Garðs um fundarsköp bæjarstjórnar, sem aðgengileg eru á heimasíðu bæjarfélagsins.

Starfsmaður ráðsins í samráði við fundarstjóra næsta fundar ráðsins boða til fundar með dagskrá. Í fundarboði skal greina þau erindi sem taka skal á dagskrá og skulu öll nauðsynleg gögn fylgja fundarboðinu sem sent er út með rafrænum hætti. Dagskrá skal send til fundarmanna í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir fund. Hægt er að boða til fundar með styttri fyrirvara með samþykki allra nefndarmanna og skal það bókað í upphafi fundar.

10. grein.

Fulltrúar ungmennaráðs skulu fá greidd nefndarlaun fyrir fundarsetu sem nemur þremur fundum árlega. Upphæð nefndarlauna skal vera samkvæmt samþykktum bæjarstjórnar um nefndarlaun og greidd út með öðrum nefndarlaunum í júní ár hvert.

11. grein.

Erindisbréf þetta er sett með vísan til 2. mgr. 11. Gr. æskulýðslaga nr. 70/2007 og tekur gildi við staðfestingu Bæjarstjórnar Garðs.